

Varðar: Tillögu til þingsályktunar 145. löggjafarþings 2015-2016. Þingskjal 1419 – 804. mál

Aðils Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu

Umsögn:

Geimvísindastofnun Evrópu (ESA) gegnir stóru hlutverki í rannsóknum og tækniþróun í Evrópu. Þótt um sé að ræða Geimvísindastofnun ná rannsóknir hennar ekki síst til okkar eigin plánetu. Gervitungl stofnunarinnar vakta lofthjúpin, veðrakerfin og fylgjast grannt með umhverfisbreytingum á yfirborði jarðar.

Í náinni framtíð stendur mannkynið frammi fyrir stórum áskorunum vegna fyrirséðra áhrifa loftslagsbreytinga. Til að leysa þau vandamál þurfa þjóðir heimsins að taka höndum saman. Ísland er þar ekki undanskikið. Þátttaka í stóru og metnaðarfullu vísindasamstarfi eins og Geimvísindastofnun Evrópu kæmi að miklu gagni fyrir Ísland.

Flestar Evrópuþjóðir sjá enda hag sínum vel borgið innan Geimvísindastofnunar Evrópu. Næstum öll ríki Evrópu, stór sem smá, eru annað hvort nú þegar aðildarríki eða í umsóknar- eða samvinnuferli. ESA er hliðstæða NASA í Evrópu og til mikils að vinna fyrir þáttökupjóðir.

Sagan sýnir að Íslendingar hafa ætíð notið mjög góðs af alþjóðlegu vísindasamstarfi. Nærtækt er að nefna samvinnu við norðurlöndin um Norræna stjörnufræðisvísindaskólann á La Palma, einni Kanaríeyja. Samstarfið hófst árið 1997 og bylti stjarnvísindarannsóknum Íslendinga. Það hefur einnig sýnt sig að Ísland fær jafnan mun meira út úr vísindasamstarfi en þjóðin leggur til.

Aðil Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu yrði mikil lyftistöng fyrir rannsóknir og þróun í háskólum landsins. Aðild myndi auka möguleika íslenskra tækniyrirtækja til muna að taka þátt í metnaðarfullum verkefnum í eldrlínu vísinda og tækni.

Fáar vísindagreinar fylla börn jafn miklum innblæstri og eru jafn áhugavekjandi eins og geimvísindi. Augljóst er að aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu yrði mikil lyftistöng fyrir menntun í landinu, ekki aðeins á háskólastigi heldur líka í grunn- og framhaldsskólum. Kennarar nytu góðs af námsefni og námskeiðum sem stofnunin býður kennurum aðildarríkja upp á ár hvert, oft í takt við nýjustu verkefni sem vekja athygli í fjölmöldum um allan heim, svo sem lendingu á halastjörnu eða rannsóknir á Mars. Undirritaður hefur tekið þátt í alþjóðlegum menntaverkefnum með aðkomu ESA. Íslensk skólabörn og kennarar þeirra hafa nú þegar notið góðs af þeim.

Til hvers að mennta fólk í tækni og vísindum ef fáir atvinnumöguleikar eru í boði að námi loknu? Aðild að ESA myndi ótvírætt auka atvinnumöguleika fólks. Aðild byggir upp frjóan jarðveg fyrir nýsköpunarfyrtæki að spretta úr. Aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu yrði hvatning fyrir ungt tækni- og vísindamenntað fólk til að flytjast heim eftir nám erlendis.

Með aðild að Geimvísindastofnun Evrópu gætu íslensk börn og ungmenni í fyrsta sinn átt raunverulegan möguleika á að fara í geimferð. Þetta hafa bæði Svíar og Danir og nú síðast Bretar nýtt sér óspart í skólakerfinu heima fyrir til að hvetja ungmenni til að mennta sig í tækni og vísindum. Slík hvatning er ómetanleg fyrir samfélagið til langs tíma litið.

Aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu er einnig til vitnis um metnað þjóðar til þess að láta að sér kveða — og taka sig alvarlega — á alþjóðavettvangi í friðsömu samstarfi þjóða.

Samantekið er þátttaka Íslands í ESA einstakt tækifæri til að efla menntun, rannsóknir, tækni og vísindi á Íslandi. Ég hvet því þingmenn til þess að hugsa stórt og vinna þessu mikilvæga máli brautargengi.

Virðingafyllst,

Sævar Helgi Bragason

Vísindamiðlari og framhaldsskólakennari við Menntaskólann í Reykjavík

Tölvupóstur: saevarhb@gmail.com ; Sími: 8961984